



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
á verkum Júlíönu Sveinsdóttur
í Listasafni Íslands
13. september 2003**

Ágætu sýningargestur

Ísland hafði um aldir verið fátækast allra í Evrópu, háð erlendu valdi í flestum málum, aðeins röskur áratugur frá því konungur færði þjóðinni stjórnarskrá sem þó var smíðuð á þann veg að danskir ráðherrar voru Alþingi æðri; Reykjavík lítið þorp, fábrotið mannlíf og moldargötur, Vestmannaeyjar fámenn byggð, fiskimenn og fjölskyldur þeirra – listalíf nánast óþekkt með öllu, hljóðfæri sjaldséðir gripir, málverk höfðu fæstir séð.

Í þeirri veröld óx Júlíana Sveinsdóttir úr grasi. Heimaey og Ystiklettur, grænar syllur og fjörugrjót, iðandi fuglalíf og úfið haf, síkvik sjávarbirta voru heimanfylgjan sem dugði henni alla ævi, urðu úr fjarlægð yrkisefni í litaljóð, hljómur í fylgsnum sálar sem bjó í útlegð og vann þar sitt ævistarf en var samt alltaf á leiðinni aftur heim.

Hvaðan kom henni þessi kraftur, þorið að fara burt og gerast listakona? Hún var fædd í landi sem átti enn áratugi í að veita konum jafnan rétt, landi þar sem listalíf var einungis ímynd með áttþaga hjá öðrum þjóðum og engin kona hafði hafið nám í listaskóla.

Á sama áratug og Hannes Hafstein varð ráðherra Íslands hélt Júlíana til Kaupmannahafnar og varð ásamt Kristínu Jónsdóttur og Nínu Sæmundsson fyrst íslenskra kvenna til að gera myndlist að ævistarfi, brautryðjandi sem þurfti að sigrast á mörgum þrautir uns hún síðar smátt og smátt öðlaðist þann virðingarsess sem list hennar hæfir.

Sú mikla gróska sem einkennir sköpunarverk íslenskra myndlistarkvenna á okkar tímum er vissulega kraftmikil staðfesting á því hvílík þáttaskil hafa orðið í menningarlífi okkar Íslendinga. En þá er einnig hollt að hafa í huga að útlegðin varð ekki aðeins örlög Júlíönu.

Louisa Matthíasdóttir, Gerður Helgadóttir, Nína Tryggvadóttir og nafna hennar Sæmundsson voru einnig í þeirri frumherjasveit sem fann sig ekki hér heima, skiluðu ævistarfi á erlendri grund. Það tók nærri hálföld að rækta hér þann listagarð sem bar í sjálfum sér nægilega grósku til að gera íslenskum listakönnum kleift að þroskast í samfélagi við þjóð sem kunni að njóta verka þeirra.

Júlíana var lengi að glíma við uppruna sinn og ættjörðina, reyndi að festa hér rætur en hvarf aftur til Kaupmannahafnar. Það tók ærinn tíma að finna tóninn sem gerði henni kleift að vera trú íslenskri birtu en um leið gjaldgeng í sölum þar sem evrópsk list var í sköpun. Hún sagði síðar: „Það eru þó ekki klettur og fjöll, sem ég leitast við að sýna í málverkum mínum, heldur þessi barningur hafsins, þessi hreyfing, lífið sjálft sem ná að speglast í þeim. Ég vil heldur barninginn í náttúrunni. Kannski er það af því að ég hef sjálf orðið að heyja mína baráttu.“

Júlíana varð smátt og smátt virkur þátttakandi í dönskum listaheimi, forystukona í samtökum listakvenna, Kvindelige Kunstnerens Samfund, áhrifakona á sýningum sem boðuðu nýja tíma, sótti innblástur einnig til Ítalíu og hóf svo að vefa úr íslenskri ull og skapa úr afurð sunnlenskra bænda listaverk sem hrósað var fyrir nýsköpun í listrænni túlkun, myndgerð og samspili lita, sem hún skóp oft úr hreindýramosa, steinskófum og birkilaufi.

Vefnaðurinn varð Júlíönu einnig lifibrauð en þó fyrst og fremst vegvísir sem sýndi mörgum öðrum hvernig hægt var að nema ný lönd í heimi listarinnar og er orðið tímabært að Júlíana verði með réttu talin sá rismikli brautryðjandi sem hún var á þessu sviði.

Sýningin sem við fögnum nú og Listasafn Íslands hefur skapað færir Júlíönu Sveinsdóttur þann heiðursess sem henni ber en veitir jafnframt okkur öllum tækifæri til að kynnast ævistarfi málara og veflistarkonu sem ætíð verður talin í fremstu röð þeirra sem gáfu Íslendingum sína eigin list, gerðu okkur kleift að sjá ljómann í náttúrunni, guðdóminn í birtuskilum, dulúð í bláma fjarlægri fjalla, hvernig hin hversdagslega reynsla gat orðið efniviður í ódauðleg listaverk; úr ullinni og Vestmannaeyjum skóp Júlíana nýja veröld.

Samt var hún aldrei sátt. Hálfri öld eftir að hún sigldi burt sagði hún: „Mig hefur alltaf langað til að koma heim með myndirnar mínar og verja mig. Já, verja þessa fjarveru mína frá landinu, sýna fólkinu, hvað ég hef gert, minna þá á að ég er úr íslenskara bandi en nokkur annar.“

Þessi fáeinu orð hljóma enn sár og jafnvel bitur þótt senn séu 50 ár síðan þau voru sögð.

En nú er Júlíana svo sannarlega komin heim. Með sýningunni sem við opnum nú hefur Listasafn Íslands skapað Júlíönu Sveinsdóttur glæsilega heimkomu og það er mér í senn ánægja og heiður að votta mikilhæfri listakonu virðingu mína og þökk íslenskrar þjóðar með því að opna sýninguna hér í dag.